



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Samband íslenskra sveitarfélaga

Ytra mat á grunnskólum

- Tilraunaverkefni -

Heildarniðurstöður fyrir

skólaárið 2011/12

júní 2012

Björk Ólafsdóttir

verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Ytra mat - aðdragandi, undirbúningur og tilraunaverkefni.....	5
Markmið og tilgangur ytra mats.....	6
Matsþættir og viðmið um gæði	6
Framkvæmd ytra mats	9
Matsaðilar	10
Þátttökuskólar í tilraunaverkefni	11
Samanteknar niðurstöður úr ytra mati	12
I matssvið – Stjórnun.....	13
Stjórnandinn sem leiðtogi	13
Stjórnun stofnunar	13
Faglegt samstarf	14
Skólaþróun	14
Starfsáætlun og skólanámskrá	14
Skóladagur nemenda.....	15
Verklagsreglur og áætlanir	15
Skólaráð og foreldrafélag	15
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	16
II matssvið - Nám og kennsla.....	16
Inntak og árangur	16
Skipulag náms og námsumhverfi	17
Kennsluhættir og gæði kennslu	17
Námshættir og námsvitund	17
Lýðræðisleg vinnubrögð	18
Ábyrgð og þátttaka.....	18
Nám við hæfi allra nemenda.....	18
Stuðningur við nám	19
III matssvið - Innra mat.....	19
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	19
Innra mat er markmiðsbundið	20
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	20
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum.....	20
Innra mat er opinbert.....	20

Innra mat er umbótamiðað	21
Kennsluaðferðir og gæði kennslu	22
Tíðni kennsluaðferða	22
Gæði kennslustunda	23
Kannanir á viðhorfum hagsmunaaðila þátttökuskóla	24
Viðhorf sveitarstjóra, formanna fræðslunefnda og fræðslufulltrúa	25
Viðhorf skólastjórnenda	29
Viðhorf starfsmanna	35
Viðhorf kennara til mats á kennslustundum	38
Viðhorf foreldra	41
Viðhorf nemenda	43
Viðaukar:	46
Viðauki 1. Dæmi um viðmið með vísbendingum	47
Viðauki 2. Matsblað fyrir vettvangsathugun í kennslustund	48
Viðauki 3. Viðmið um gæði kennslustunda	51
Viðauki 4. Matsblað/listi yfir kennsluaðferðir	52

Inngangur

Gæði grunnskólastarfs leggja grunn að góðri menntun og öflugu samfélagi. Mat á skólastarfi hjálpar aðilum skólasamfélagsins að skilja hvernig skólastarfið stendur undir og/eða bregst þeim væntingum sem til þess eru gerðar. Með leiðbeinandi ytra mati, eins og því sem fjallað er um í þessari skýrslu, er skólum veitt aðhald með því að benda á þætti sem þarfnast umbóta og því fylgt eftir að bætt sé úr þar sem umbóta er þörf. Jafnframt undirstrikar það styrk skólastarfsins sem þarf að varðveita og dregur fram þætti í skólastarfi sem eru þess virði að breiða út svo aðrir skólar geta tekið sér til fyrirmyndar. Þannig leggur ytra matið grunn að umbótastarfi í skólum og hjálpar til við að jafna gæði menntunar.

Eftirfarandi skýrsla fjallar um tilraunaverkefni um ytra mat. Henni er ætlað að greina frá framkvæmd ytra matsins og niðurstöðum þess svo ráðuneyti og sveitarfélög geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort þeim finnist sú leið ákjósanleg sem farin var til að afla upplýsinga um og meta skólastarfið. Skýrslunni er ennfremur ætlað að vera til upplýsingar fyrir hagsmunaaðila, sem hafa staðið að og/eða tekið þátt í tilraunaverkefni um ytra mat, sem og fyrir aðra hagsmunaaðila skólastarfs. Með hliðsjón af hvernig til hefur tekist með tilraunaverkefnið verður tekin ákvörðun um hvort framhald verði á verkefninu. Undirbúningur ytra mats og tilraunaverkefnið var styrkt af mennta- og menningar- málaráðuneyti og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um aðdraganda og undirbúning tilraunaverkefnis um ytra mat á grunnskólastarfi. Gerð er grein fyrir markmiðum og tilgangi matsins, matsþáttum og þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar mati á gæðum. Sagt er frá framkvæmd matsins, matsaðilum og þeim skólum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Í öðrum hluta er fjallað um heildarniðurstöður tilraunaverkefnisins út frá hverju og einu viðmiði sem lagt var til grundvallar matinu. Dregnir eru fram helstu styrk- og veikleikar út frá hverju og einu viðmiði. Í þriðja hluta skýrslunnar er fjallað um niðurstöður kannana sem lagðar voru fyrir nokkra hópa hagsmunaaðila í þátttökuskólunum í kjölfar ytra matsins. Kannað var viðhorf þeirra til ytra matsins og framkvæmdar þess.

Ytra mat - aðdragandi, undirbúningur og tilraunaverkefni

Mat á grunnskólastarfi er lögbundin skylda annars vegar sveitarfélaga og hins vegar mennta- og menningarmálaráðuneytis samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008. Haustið 2010 var stofnaður faghópur til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi sveitarfélaga og ráðuneytis um reglubundið ytra mat á grunnskólum. Hópurinn samanstóð af fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélaga auk sameiginlegs verkefnisstjóra ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Faghópnum var falið að móta hugmynd að samstarfi og lagði hann fram [skriflega tillögu um útfærslu ytra mats á grunnskólastarfi](#) í mars 2011.

Tillaga faghóps gengur út á að ytra matið nái til allra grunnskóla í landinu og að þeir verði metnir á sambærilegan hátt og á grundvelli sömu viðmiða, að teknu tilliti til aðstæðna og sérstöðu hvers skóla. Ekki er gert ráð fyrir að gerður sé samanburður á einstaka skólum en að sveitarfélög og skólar muni þó geta skoðað stöðu sína miðað við stöðu heildarinnar. Lagt er til að árlega verði um 35 skólar metnir og það taki því um fimm ár að meta alla grunnskóla landsins.

Tillagan gerir ráð fyrir að bæði sveitarfélög og mennta- og menningarmálaráðuneyti leggi fram fjármagn til að standa undir kostnaði við ytra matið og sveitarfélög hafi síðan það hlutverk að fylgja ytra matinu og umbótaáætlun skólans eftir.

Faghópurinn stakk upp á að í tilraunaskyni yrði tillaga hans prófuð með þátttöku sex skóla í þeim tilgangi að kostnaðarmeta verkefnið á raunhæfan hátt og endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd matsins. Einnig væri með tilraunaverkefninu hægt að svara á öruggari máta mörgum álitaefnum hvað varðar fyrirkomulag í kringum ytra matið.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneyti samþykktu að setja fjármagn í verkefnið og í október 2011 hófst undirbúningur ytra mats og ráðnir voru sérfræðingar til að annast útfærslu á tillögu faghóps, s.s. gerð viðmiða, siðareglna og leiðbeininga fyrir matsteymi auk þess að skipuleggja tilraunaverkefni og ráða matsaðila.

Tilraunaverkefnið hófst í byrjun janúar 2012 og stóð yfir fram í júní sama ár. Til þátttöku voru valdir sex skólar og var leitast við að velja skóla sem eru ólíkir að stærð og gerð og í ólíkum sveitarfélögum. Lögð var áhersla á að hluti skólanna væru utan þjónustusvæðis skólaskrifstofa. Tveggja manna matsteymi mat hvern þátttökuskóla og voru ráðnir tveir matsaðilar til þeirra starfa. Hvor um sig mat þrjá skóla og á móti þeim í matsteymi tilnefndu viðkomandi sveitarfélög fulltrúa.

Meginstef hugmynda faghóps um ytra mat er að matið sé leiðbeinandi og framfara- og umbótamiðað. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Markmið og tilgangur ytra mats

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með þeim leiðum sem faghópurinn lagði til er lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Hugmyndin að baki tillögu faghópsins um að ytra matið nái til allra grunnskóla á landinu er sú að þannig sé stuðlað að jafnræði skóla gagnvart ytra mati og tryggt að allir skólar fái sambærilegt ytra mat.

Matsþættir og viðmið um gæði

Faghópurinn lagði til að í fyrstu umferð ytra mats á grunnskólum nái matið fyrst og fremst til valdra þátta í starfi skóla sem hægt væri að skilgreina sem lykilþætti í umbótastarfi. Þeir þrjú matsþættir sem lagt var til að yrðu þungamiðjan í matinu eru:

1. Stjórnun skóla
2. Kennsla og nám
3. Vinnubrögð við innra mat.

Að auki lagði faghópurinn til að fræðsluyfirvöld eða skóli gætu óskað eftir að sérstakur þáttur í starfi skólans væri metinn.

Mikilvægt var talið að fyrirfram yrðu skilgreind viðmið um gæði í skólastarfi sem stuðst yrði við í matinu og haustið 2011 voru því ráðnir sérfræðingar til að annast gerð viðmiða fyrir þessu þrjú svið. [Viðmið um gæði í skólastarfi](#) sem liggja til grundvallar mati á skólunum eru aðgengileg á heimasíðum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir viðmiðin og flokka þeirra. Undir hverjum matsþætti eru tveir til þrjú kaflar og þar undir tveir til fjórir undirkaflar. Alls eru viðmiðskaflarnir 23.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi, upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Náms-hættir og námsvitund			Samstarfsmiðað, byggir á lýðræðisleg. vinnubr.	

Mynd 1. Yfirlit yfir viðmiðin og flokka þeirra

Undir stjórnunarþættinum eru sett fram viðmið fyrir faglega forystu, stefnumótun og skipulag og samskipti heimila og skóla, viðmið fyrir stjórnun eru í alls níu köflum. Viðmiðin í náms- og kennsluþættinum snúa að námi og námsaðstæðum, þátttöku og ábyrgð nemenda í skólastarfi og að námsaðlögun og hvernig námsþörfum sérhvers nemanda er mætt. Viðmið fyrir nám og kennslu eru í átta köflum. Í innra-matsþættinum eru sett viðmið fyrir framkvæmd innra matsins og umbótastarf í kjölfar þess, alls sex viðmiðskaflar.

Viðmiðin skýra hvað liggur til grundvallar matinu og til hvers er ætlast og þau eru sett fram í samfelldu máli. Þau eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Þá var einnig litið til viðmiða í mati víða erlendis.

Viðmiðum fylgja vísbendingar sem ætlað er að leiða matsmenn í athugun sinni á skólastarfinu. Vísbendingarnar eru til stuðnings fyrir matsaðila en ekki er litið svo á að þær séu tæmandi lýsing fyrir viðmiðið, svigrúm á að vera fyrir matsaðila til að bæta við vísbendingum sem gefa til kynna hvort viðmiðið sé uppfyllt eða ekki.

Vísbendingum fylgir kvarði sem segir að hve miklu leyti skólinn uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Kvarðinn er eftirfarandi:

✳	Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði
A	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
C	Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Á grundvelli kvarðans er unnt að gefa einkunn fyrir hvern viðmiðskafla og fyrir hvern matsþátt. Þar sem matinu er ætlað að vera leiðbeinandi og til stuðnings fyrir skólana en ekki til að ýta undir samanburð á milli skóla þá er slík einkunnagjöf ekki hluti af opinberri matsskýrslu skólanna.

Í [viðauka 1](#) má sjá dæmi um matsblað sem útbúið var til stuðnings fyrir matsaðila. Eitt matsblað var útbúið fyrir hvert viðmið.

Einn liður í að meta nám og kennslu er að heimsækja kennslustundir. Sérstakt matsblað var útbúið út frá viðmiðum um nám og kennslu. Matsblaðið liggur til grundvallar lýsingu á kennslustund og munnlegri endurgjöf matsaðila til kennara. Lýsingar á kennslustundum eru unnar upp úr matsblöðunum og afhentar skólastjórum sem trúnaðargögn og er það á ábyrgð skólastjóra að ræða frekar við kennarana um niðurstöðurnar. Í [viðauka 2](#) er matsblað fyrir vettvangsathugun í kennslustund.

Að auki var ákveðið að leggja mat á gæði kennslu út frá viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar mati á kennslustundum í heildarmati á grunnskólum í Reykjavík. Viðmiðin koma frá bresku eftirlitsstofnuninni Ofsted og voru þýdd og staðfærð af starfsfólki Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Um er að ræða fjórskiptan kvarða þar sem gæði kennslu eru metin (1) mjög góð, (2) góð, (3) viðunandi og (4) óviðunandi. Sjá viðmið fyrir mat á gæði kennslu í [viðauka 3](#).

Hluti af mati á kennslustund er einnig að skrá þær kennsluaðferðir sem notaðar eru í viðkomandi kennslustund. Byggt er á flokkun sem notuð var í rannsókninni „Starfshættir í grunnskólum“ sem er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, kennaradeild HA og Listaháskóla Íslands. Sjá flokkun kennsluaðferða í [viðauka 4](#).

Framkvæmd ytra mats

Ferli ytra matsins hefst með því að tími fyrir vettvangsheimsókn í skóla er ákveðinn í samráði við skólastjóra. Matsaðili og skólastjóri fastsetja tíma fyrir fund þar sem skólastjóri og yfirmaður sveitarfélags/fræðslunefndar hitta matsaðila. Matsaðilar leita eftir hvort skólinn eða sveitarfélagið hefur óskir um að sérstakur þáttur í starfi skólans sé metinn. Ef sveitarfélag og/eða skóli hafa óskir um slíkt biðja matsaðilar skólastjóra í samvinnu við starfsfólk og/eða sveitarfélag að setja niður á blað hugmynd að viðmiði vegna þess matsþáttar. Matsaðilar yfirfara viðmiðið og setja fram sínar tillögur.

Óskað er eftir að skólastjóri finni tengilið í skólanum sem heldur utan um verkefnið af hálfu skólans og er í sambandi við matsaðila. Hlutverk tengiliðs er að fá nemendur, starfsfólk og foreldra og aðra til þátttöku í rýnihópum, þ.e. óska eftir sjálfboðaliðum og fylla upp í hópana ef fáir gefa sig fram, finna vinnuaðstöðu fyrir matsaðila og aðstöðu til að taka rýnihópaviðtöl o.fl. í tengslum við heimsóknina.

Matsaðilar óska eftir eftirfarandi gögnum frá skóla:

- Skólanámskrá og starfsáætlun
- Kennsluáætlanir/námsáætlanir skólaársins – sýnishorn af yngsta, mið og efsta stigi
- Greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun
- Stundatöflur nemenda
- Heimasíða skólans
- Símenntunaráætlun
- Yfirlit yfir valgreinar sem eru kenndar á skólaárinu
- Niðurstöður ytra mats sveitarfélags og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis
- Önnur gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Frá Námsmatsstofnun er óskað eftir eftirfarandi gögnum:

- Niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull skóla sl. 3 ár
- Aðrar nýjar kannanir ef um er að ræða

Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti:

- Niðurstöður síðustu úttektar á innra mati skólans

Þegar matsaðilar eru búnir að rýna í framangreind gögn á skólaheimsóknin sér stað með frekari gagnaöflun. Framkvæmd í skólaheimsókn er í stuttu máli eftirfarandi:

- Fundur með skólastjóra og fulltrúa sveitarfélags þar sem m.a. er skýrt frá markmiðum og tilgangi matsins, fjallað um fjórða matsþáttinn og viðmið um hann og rætt hvernig haga eigi ráðgjöf í kjölfar matsins.
- Kynningarfundur með starfsfólki skólans þar sem m.a. er farið yfir markmið og ferli matsins, skipulag heimsóknar og hvernig gagnaöflun er háttað. Lögð er áhersla á að matið sé leiðbeinandi og sé hugsað til að styðja starfsfólk til umbóta. Ennfremur að í heimsóknum í kennslustundir sé ekki um að ræða mat á einstaka kennurum heldur mat á gæðum náms og kennslu og á kennsluháttum í skólanum. Kennurum stendur til boða að fá endurgjöf um kennsluna frá matsaðilum í lok hvers heimsóknardags. Kennarar hafa val um hvort þeir nýta sér endurgjöfina.
- Skoðunarferð um skóla með skólastjóra.

- Vettvangsathuganir: Farið er í allar bekkjardeildir a.m.k. einu sinni. Leitast er við að sitja kennslustund hjá umsjónarkennara þar sem því verður við komið og heimsækja kennslustund í sem flestum námsgreinum sem kenndar eru í skólanum. Miðað er við að u.þ.b. 60-70% kennara í hverjum skóla fái heimsókn. Í minni skólum er hlutfallið hærra og í minnstu skólunum er gert ráð fyrir að allir kennarar fái heimsókn.
- Rýnihópaviðtöl eru tekin við (1) kennara, (2) annað starfsfólk en kennara, (3) foreldra, (4) nemendur, (5) skólaráð eða fulltrúa þess og (6) stjórnendateymi.
- Einstaklingsviðtal er tekið við skólastjóra.

Að skólaheimsókn lokinni tekur við úrvinnsla og skýrslugerð. Skólastjóri fær send drög að skýrslu og hefur þá möguleika á að koma á framfæri athugasemdum við matsteymi.

Gert er ráð fyrir frekari vinnu matsaðila með skólum, s.s. ráðgjöf matsaðila vegna umbóta, og er það lagað að þörfum og óskum einstaka skóla eins og kostur er. Ráðgjöfin getur átt sér stað hvort heldur sem er við lok matsferilsins og/eða um leið og gagna er aflað.

Matsferlinu lýkur með skýrsluskilum og þá er haldinn skilafundur með starfsfólki skólans, skólaráði, fræðslufulltrúa og/eða fulltrúa úr skólanefnd. Þar er fjallað um styrkleika og veikleika, tillögur til úrbóta og næstu skref. Að þeim fundi loknum hefur matsteymið lokið hlutverki sínu gagnvart skólanum.

Matsaðilar

Ákveðið var að tveggja manna matsteymi myndi meta hvern þáttökuskóla í tilraunaverkefninu. Ráðnir voru tveir matsaðilar til þeirra starfa sem hvor um sig mat þrjá skóla. Á móti þeim í matsteymi tilnefndu viðkomandi sveitarfélög fulltrúa. Matsteymin þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði sem fyrst og fremst snúa að hæfni og óhæði matsaðila. Lögð var áhersla á að matsaðilar hefðu kennaramenntun og reynslu af grunnskólastarfi og byggju yfir aðferðafræðilegri þekkingu og færni sem nýttist þeim til að meta skólastarf. Þeir máttu ekki tengjast skólunum persónulega né hafa beinna hagsmuna að gæta, sbr. II. kafli stjórnáskilulaga nr. 37/1993. Þá var einnig lögð áhersla á að matsaðilar væru ekki að meta skóla sem eru eða hafa verið þjónustuþegar þeirra. Þessir varnaglar voru settir til að auka áreiðanleika og réttmæti ytra matsins.

Í tilraunaverkefninu var miðað við að fulltrúi í matsteymi sem tilnefndur var af sveitarfélagi kæmi úr nærsamfélagi skólans ef aðstæður leyfðu. Mjög misjafnt var hvort það gekk eftir en hugmyndin var sú að skapa með því nálægð milli skóla og matsaðila og þar með aukið traust. Ennfremur gæti það myndað grunn að frekara samstarfi matsaðila við skólaskrifstofur og/eða skólanefndir sem eftir atvikum koma að því að aðstoða skólana við umbætur.

Þáttökuskólar í tilraunaverkefni


Sex grunnskólar voru valdir til þátttöku í tilraunaverkefninu. Viðmið um val á skólum var að þeir væru ólíkir að stærð og gerð og væru staðsettir í ólíkum sveitarfélögum. Miðað var við þrjú landsvæði og lögð áhersla á að hluti skólanna væri utan þjónustusvæðis skólaskrifstofa.

Eftirfarandi sveitarfélög og skólar tóku þátt í tilraunaverkefninu:

1. Auðarskóli í Dalabyggð með 90 nemendur. Auðarskóli er utan skólaskrifstofu og auk þess samrekinn leik- og grunnskóli. Matsaðilar voru Óskar Sandholt og Bryndís Böðvarsdóttir.
2. Grunnskólinn í Stykkishólmi með 160 nemendur. Matsaðilar voru Óskar Sandholt og Gunnar Kristjánsson.
3. Hofsstaðaskóli í Garðabæ með 423 nemendur. Matsaðilar voru Hanna Hjartardóttir og Rannveig Lund.
4. Lundarskóli á Akureyri með 489 nemendur. Matsaðilar voru Hanna Hjartardóttir og Sólveig Zophoníasdóttir.
5. Valsárskóli í Svalbarðsstrandarhreppi með 52 nemendur. Matsaðilar voru Hanna Hjartardóttir og Sólveig Zophoníasdóttir.
6. Víðistaðaskóli í Hafnarfirði með 656 nemendur. Matsaðilar voru Óskar Sandholt og Eiríkur Hermannsson.

Samanteknar niðurstöður úr ytra mati

Í þessum kafla er gerð grein fyrir heildarniðurstöðu skólanna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Skólarnir voru sem fyrr segir sex talsins og sýnir mynd 2 samanteknar niðurstöður fyrir skólana með hliðsjón af hvernig þeir voru metnir út frá hverju og einu viðmiði.



Mynd 2. Heildarniðurstöður skóla í tilraunaverkefni.

Eins og sjá má á mynd 2 er breytileiki í stöðu skólanna mikill út frá þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar matinu. Hafa ber í huga að grunnskólar hafa þriggja ára aðlögunartíma að aðalnámskrá 2011 og matið lýsir því stöðu þeirra í innleiðingarferlinu. Bein lína við 2,5 markar skil á milli styrkleika- og veikleikakvarða sem þýðir að fari skóli niður fyrir þá línu þá eru veikleikar á þeim þáttum meiri en styrkleikar og þeim mun neðar sem línan nær þeim mun fleiri eru veikleikarnir. Fyrir ofan línuna eru styrkleikar meiri en veikleikar og punktur sem liggur við 4,0 endurspeglar að það eru engir veikleikar hjá viðkomandi skóla m.v. viðmiði.

Í eftirfarandi köflum verður gerð grein fyrir heildarniðurstöðu skólanna út frá hverju og einu viðmiði. Eftirfarandi kvarði er lagður til grundvallar litamerkingum.

Tákn/litur	Tölulegur kvarði	Merking að baki lit/kvarða
++	3,6 – 4,0	Viðmiðið er uppfyllt að mestu eða öllu leyti
+	2,6 – 3,5	Út frá viðmiði og vísbendingum eru meiri styrkleikar en veikleikar
-	1,6 – 2,5	Út frá viðmiði og vísbendingum eru meiri veikleikar en styrkleikar
--	1,0 – 1,5	Mikil umbótapörf er á flestum eða öllum þáttum

Fyrst verður gerð grein fyrir matsþættinum *stjórnun* og þeim viðmiðsköflum sem heyra undir hann. Þá verður fjallað um matsþáttinn *nám og kennsla* og loks um matsþáttinn *innra mat*. Ekki verður fjallað um niðurstöður fyrir fjórða matsþáttinn sem var sjálfvalinn af skólunum og/eða sveitarfélögum þar sem hann var mismunandi á milli skóla.

I matssvið – Stjórnun

Matssviðið stjórnun skiptist í þrjá meginkafla: (1) faglega forystu, (2) stefnumótun og skipulag og (3) samskipti heimila og skóla. Tveir til fjórir undirkaflar eru undir hverjum meginkafla og eru viðmið sett fram fyrir hvern kafla, sem alls eru níu.

Í viðmiðum og vísbendingum um stjórnun er talað um stjórnendur sem samheiti fyrir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Hugsunin er að skólastjóri deili ábyrgð sinni á verkefnum með öðrum stjórnendum skólans sé þeim til að dreifa.

Niðurstöður eru settar fram sem hlutfallstölur og sýna hlutfall af heild skóla í tilraunaverkefninu. Heildarniðurstöður fyrir matssviðið stjórnun í þátttökuskólunum sex koma fram á hlutfallskvarðanum hér að neðan.



Niðurstöður sýna að í 33% skólanna eru viðmið um góða stjórnunarhætti uppfyllt að mestu eða öllu leyti. Í helmingi skólanna eru meiri styrkleikar en veikleikar í stjórnun almennt og í 17% skólanna eru veikleikarnir fleiri.

Í köflunum sem hér fara á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðu út frá hverju og einu viðmiði um stjórnun. Dregin eru fram helstu styrk- og veikleikar út frá hverju og einu viðmiði.

Stjórnandinn sem leiðtogi

Viðmiðið um leiðtogahæfni stjórnanda snýr að skólastjóra sem forstöðumanni, stjórnanda og faglegum leiðtoga í sínum skóla. Almennt birtast styrkleikar hjá flestum skólunum í að stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og hvetja kennara markvisst til að auka gæði náms og kennslu. Veikleikar koma fyrst og fremst fram í að stjórnendur fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf og einnig í því að misbrestur er á í sumum skólanna að starfsmenn og foreldrar þekki stefnu skólans.



Stjórnun stofnunar

Viðmið um stjórnun stofnunar snýr m.a. að umgjörð, skipulagi, skráningu og verkferlum innan skólans. Með hliðsjón af viðmiði snúa styrkleikar hjá skólunum helst að því að stjórnendateymi skipta með sér verkum við stjórnun og miðla upplýsingum sín á milli auk þess að kennarar sinna almennt kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu. Veikleikar snúa fyrst og fremst að

starfsmannastjórnun og birtast í að oft liggja ekki fyrir verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum og í fáum skólanna er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.



Faglegt samstarf

Viðmið um faglegt samstarf snýr að samstarfi innan skóla og við aðila utan hans. Eins og hlutfallstölur hér að neðan sýna eru almennt miklir styrkleikar í faglegu samstarfi í þáttökuskólunum. Allir skólarnir fengu t.d. fulla stigagjöf varðandi samstarf sem einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila. Stjórnendur allra skólanna boða reglulega til starfsmanna- og kennarafunda og fundaáætlun liggur fyrir. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna almennt samstarf í skólunum og allajafna er viðfangsefni samstarfs kennara nám og kennsla og samskipti við nemendur. Veikleikar eru fáir en birtast helst í því að formlegir fundir eru ekki boðaðir með dagskrá og fundargerðir ekki ritaðar eða aðgengilegar.



Skólaþróun

Viðmið um skólaþróun fjallar um hvernig staðið er að árangursríku umbóta- og þróunarstarfi. Styrkleikar birtast fyrst og fremst í því að í flestum skólunum eru kennarar hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og símenntun þeirra miðar að því að efla þá í starfi. Veikleikarnir snúa að því að hjá sumum skólunum er misbrestur á að símenntunaráætlun skóla liggja fyrir. Ennfremur er ekki allsstaðar til skráð þróunar- og/eða umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans og/eða á innra mati á starfinu.



Starfsáætlun og skólanámskrá

Viðmið um starfsáætlun og skólanámskrá fjallar um stefnumótun og skipulag á innra starfi skólans. Með hliðsjón af viðmiði birtast styrkleikar í því að í flestum skólunum tekur starfsfólk þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð. Í fjórum skólum af sex er framkvæmd skólastefnunnar ennfremur rædd á starfsmannafundum í skólanum og metið hvort markmiðum hefur verið náð. Í fjórum skólum af sex er hins vegar misbrestur á að skólanámskrá og starfsáætlun uppfylli viðmið sem birt eru í aðalnámskrá auk þess sem starfsáætlun hefur ekki verið gerð í öllum skólunum, en það eru þeir veikleikar sem helst komu fram. Nokkuð vantar ennfremur upp á hjá sumum þáttökuskólunum að allir aðilar skólasamfélagsins þekki stefnu skólans.



Skóladagur nemenda

Viðmið um skóladag nemenda snýr að skipulagi skóladagsins með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Eins og sjá má á eftirfarandi hlutfallstölum komu allir skólarnir frekar sterkir út samkvæmt viðmiði. Stundatöflur nemenda eru almennt samfelldar og tímafjöldi er svipaður alla daga, frímínútur/hvíld/útvíst eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda og sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi. Í öllum skólum er boðið er upp á valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði sínu og nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því. Tækifæri til umbóta út frá þessu viðmiði felast helst í því að í sumum skólum þarf að huga betur að því að gefa nemendahópum, bekkjum eða árgöngum, sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Í einum af skólunum sex var samvinna þvert á bekkjadeildir metin framúrskarandi og öðrum til eftirbreytni, en þar er gert ráð fyrir 2-4 kennslustundum sameiginlegum á viku. Kennarar koma sér saman um hvaða námsgreinar skuli vera teknar fyrir í hvert skipti og síðan vinna þeir saman að útfærslu og kennslu. Þessi samvinna hefur skilað sér í árangri og ánægju meðal nemenda, kennara og foreldra í viðkomandi skóla.



Verklagsreglur og áætlanir

Viðmiðið fjallar um þær verklagsreglur og áætlanir sem lög og reglugerðir tilgreina að eigi að vera til staðar í grunnskólum. Almennt séð stóðu skólarnir vel gagnvart þessu viðmiði. Í þeim öllum voru t.d. til staðar verklagsreglur og viðbrögð við einelti og skólareglur og viðbrögð við agabrotum voru ýmist að öllu eða mestu leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í öllum skólunum hefur verið gerð áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð sem og áætlun um sérkennslu/stuðning. Þær áætlanir sem helst vantaði hjá skólunum voru forvarnaráætlanir og eins vantaði hjá þriðjung skólanna móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérþarfir.



Skólaráð og foreldrafélag

Viðmiðið snýr að samstarfi heimila og skóla, einkum þeim formlega vettvangi sem lög og reglugerðir skapa því samstarfi. Í öllum skólunum sex er vel staðið að því að skapa foreldrum aðstöðu til að hittast og funda. Skólaráð starfar í öllum skólunum en virkni þess er mis mikil. Almennt má segja að helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólapróun séu lagðar fyrir skólaráð til umsagnar en í einum skólanna vantar þó töluvert á að svo sé. Í flestum skólanna eru fundir skólaráðs boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólanna. Veikleikar út frá viðmiði eru helstir þeir að í tveimur skólum höfðu skólareglur ekki verið unnar í samvinnu við skólaráð og einhver misbrestur var á í sumum skólanna að skólaráðið hafi sett sér starfsáætlun og/eða vinnureglur. Hjá þremur skólanna kom fram að samráð fulltrúa foreldra í skólaráði við foreldrafélagið og foreldrahópin væri ómarkvisst.



Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðmið fjallar um þátttöku foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun á milli heimila og skóla um nemendur. Gagnvart viðmiðinu má segja að skólarnir hafi skipst í tvo hópa: Í helmingi skólanna er foreldrasamstarf metið út frá viðmiði ýmist gott eða til fyrirmyndar en í hinum helming skólanna vantar nokkuð upp á. Helstu styrkleikar ef lítið er til skólanna í heild birtast í að foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða þeir vilja koma ábendingum á framfæri. Eins eru víðast sendar reglubundnar upplýsingar til foreldra um skólastarfið. Hjá þeim hluta skólanna sem lakar komu út snúa veikleikarnir t.d. að því að lítið er leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu, kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er ekki nægilega markviss og heimasíða skólanna er ekki nægilega virk og/eða inniheldur takmarkaðar upplýsingar.



II matssvið - Nám og kennsla

Matssviðið nám og kennsla skiptist í þrjú meginkafla: (1) nám og námsaðstæður, (2) þátttaka og ábyrgð nemenda og (3) námsaðlögun. Tveir til fjórir undirkaflar eru undir hverjum meginkafla og eru viðmið sett fram fyrir hvern kafla, sem alls eru átta.

Heildarniðurstöður fyrir matssviðið nám og kennsla í þátttökuskólunum sex koma fram á eftirfarandi hlutfallskvarða.




Niðurstöður sýna að í 33% skólanna eru viðmið um góða náms- og kennsluhætti uppfyllt að mestu eða öllu leyti. Í helmingi skólanna eru meiri styrkleikar en veikleikar í námi og kennslu og í 17% skólanna eru veikleikarnir fleiri.

Í köflunum sem hér fara á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum út frá hverju og einu viðmiði um nám og kennslu. Sem fyrr eru dregnir fram helstu styrk- og veikleikar.

Inntak og árangur

Viðmið um inntak og árangur snýr að námsmarkmiðum og námskröfum og hvernig upplýsingagjöf um nám og eftirfylgd er háttað. Hjá öllum skólunum birtast styrkleikar út frá viðmiðinu fyrst og fremst í því að kennarar eru faglegir og sérfræði þeirra nýtist í störfum. Ennfremur er fjölbreyttum árangri nemenda hampað og margvíslegum hæfileikum þeirra gefinn gaumur. Hjá flestum skólanna eru námsvísar greinargóðir og byggja á aðalnámskrá en nokkur misbrestur er á að nemendur og foreldrar

þekki og/eða nýti sér námsvísana. Tækifæri til umbóta koma einnig fram í því að hjá sumum skólanna þarf að huga betur að skólanámskrá, framsetningu hennar, endurskoðun og/eða opinberri birtingu.



Skipulag náms og námsumhverfi

Viðmiðið fjallar um hvernig nám nemenda og námsumhverfi er skipulagt, einkum með tilliti til þess hve heildstætt námið er. Helstu styrkleikar eru að námsgögn og notkun þeirra styður við nám og kennslu og oftast nær er framvinda í námsvísunum skólanna og þeir eru í góðu samhengi milli árganga. Veikleikarnir birtast í því hjá sumum skólanna að nemendur og foreldrar þekkja ekki tilgang og markmið heimanáms. Þá er ekki boðið upp á regluleg nemendasamtöl í öllum skólunum. Ennfremur koma fram veikleikar hjá hluta skólanna varðandi skólanámskrá þess eðlis að þar eru ekki birtar áætlanir um nám og kennslu og ekki er gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat eða matskvörðum.



Kennsluhættir og gæði kennslu

Viðmiðið snýr að skipulagi, umgjörð og framkvæmd kennslu. Skólarnir sex skiptast í tvo hópa í frammistöðu sinni gagnvart viðmiðinu. Þrír skólanna sýna nánast eingöngu styrkleika út frá viðmiðinu á meðan veikleikar eru nokkrir eða miklir hjá hinum þremur. Styrkleikar hjá öllum skólum birtast í að kennarar hafa almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og í kennslufræði og endurgjöf þeirra til nemenda er að öllu jöfnu leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara í námi. Veikleikar hjá þeim skólum sem verr komu út gagnvart viðmiði birtast m.a. í að kennsluhættir eru hvorki fjölbreyttir né er kennslan nægilega löguð að mati á stöðu nemenda. Þá vantar upp á að námsumhverfi sé nýtt á fjölbreyttan hátt og að samvinna og samstarf nemenda sé markvisst notað til náms og kennslu. Í einum skólanna var nýsköpunarvinna og rækt við sköpunarþörf og gagnrýna hugsun nemenda metin framúrskarandi og öðrum til eftirbreytni.




Námshættir og námsvitund

Viðmiðið fjallar um nemandann sjálfan, áhuga hans og ábyrgð á náminu og hvernig komið er til móts við áhuga, hæfileika og þarfir hans í námi. Eins og út frá viðmiði um kennsluhætti og gæði kennslu þá skiptast skólarnir í tvo hópa hvað varðar frammistöðu með hliðsjón af viðmiðinu. Sem fyrr er frammistaðan góð eða mjög góð hjá helmingi skólanna, en hinn helmingur skólanna sýnir veikleika á öllum þáttum. Í síðarnefndu skólunum, svo dæmi séu tekin, tekur nám nemenda ekki nægilega mið af áhuga þeirra og hæfileikum, þeir fá ekki markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og þekkja ekki eigin styrkleika né hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn. Nemendur í þessum skólum geta ekki valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl og ábyrgð þeirra á þessum þáttum eykst ekki sem skyldi með auknum aldri. Nokkuð vantar upp á tækjakost í skólunum til að nemendur geti nýtt sér upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.



Lýðræðisleg vinnubrögð

Í viðmiðinu eru dregin fram atriði sem geta einkennt þátttöku nemenda og ábyrgð í lýðræðislegu skólasamfélagi. Styrkleikar gagnvart viðmiði birtast í því að í öllum skólunum eru samskipti jákvæð og einkennast af virðingu. Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu og víðast fá nemendur einhverja þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Veikleikar koma helst fram í því að nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum samstarfsvettvangi skóla fá ekki sérstaka þjálfun sem undirbýr þá undir störf á þeim vettvangi og ekki er allsstaðar séð til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.



Ábyrgð og þátttaka

Viðmiðið snýr að ábyrgð nemenda á framkomu sinni og námi og þátttöku þeirra í að setja sér námsmarkmið. Skólarnir skipa sér í tvær fylkingar hvað varðar frammistöðu gagnvart viðmiði. Þegar á heild skólanna er litið birtast styrkleikar helst í því að nemendum er kennt að meta eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati og víðast taka nemendur að einhverju leyti þátt í að meta árangur sinn í námi þó sums staðar liggi tækifæri í að efla þann þátt enn frekar. Veikleikar birtast fyrst og fremst í því að foreldrar eru hvorki hafðir með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna né eru þeir nægilega upplýstir um námsframvindu þeirra. Ennfremur vantar í sumum skólanna að nemendum sé kennt að setja sér markmið í námi og að þeir séu þátttakendur í að setja þau.



Nám við hæfi allra nemenda

Viðmiðið fjallar um hvernig komið er til móts við námsþarfir, áhuga og hæfileika nemenda óháð atgervi þeirra og stöðu. Styrkleikar birtast í því að í öllum skólunum er lögð áhersla á skóla án aðgreiningar og alls staðar einkennist skólabragur af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Í meiri hluta skólanna meta kennarar stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. Námsframboð og námsvísar mæta í fleiri en færri tilfellum fjölbreyttum þörfum og áhuga allra nemenda. Eins og fyrr hefur komið fram er helsti veikleikinn sá að nemendur og foreldrar eru ekki hafðir með í ráðum um setningu námsmarkmiða. Ennfremur vantar nokkuð upp á að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum þeirra.



Stuðningur við nám


Viðmið um stuðning við nám snýr að því hvernig fylgst er með nemendum til að finna þá sem þurfa á stuðningi að halda og hvernig staðið er að stuðningi nemenda með sérþarfir sem og þeirra sem eru bráðgerir. Almennt séð standa skólarnir sterkir gagnvart þessu viðmiði. Allsstaðar eru foreldrar og nemendur eftir aðstæðum upplýstir og taka þátt í að ákveða form og eðli sérúrræða eins og kostur er. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám og sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda. Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf. Veikleikar koma helst fram í því hjá sumum skólunum að kennsla er ekki skipulögð nægilega m.t.t. að hún hæfi öllum nemendum og víða er misbrestur á að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.



III matssvið - Innra mat

Matssviðið innra mat skiptist í tvo meginkafla: (1) framkvæmd innra mats og (2) umbótastarf í kjölfar innra mats. Undirkaflar eru undir hvorum meginkafla og eru viðmið sett fram fyrir hvern kafla, sem alls eru sex.

Heildarniðurstöður fyrir matssviðið innra mat í þátttökuskólunum sex koma fram á eftirfarandi hlutfallskvarða.



Niðurstöður sýna að í 33% skólanna eru viðmið um innra mat uppfyllt að mestu eða öllu leyti. Í 17% skólanna eru fleiri styrkleikar gagnvart viðmiðum um innra mat en veikleikar og í helmingi skólanna eru veikleikarnir fleiri.

Í köflunum sem hér fara á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðu út frá hverju og einu viðmiði um innra mat. Sem fyrr eru dregnir fram helstu styrk- og veikleikar.

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Viðmiðið fjallar um hversu markvisst skipulag innra matsins er og hvort það sé eðlilegur og sjálfsagður liður í skólastarfinu. Styrkleikar gagnvart þessu viðmiði koma helst fram í að mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Hjá öllum skólunum nema einum liggur fyrir áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár og áætlun til lengri tíma liggur fyrir hjá fjórum skólum af sex. Veikleikar koma m.a. fram í að víða er ekki gerð grein fyrir í skólanámskrá hvaða leiðir skólinn fer við að meta sitt innra starf. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram reglulega í neinum skólanna þó að einn skólanna sé með vísi að mati skólastjóra á kennslu. Formlegt og skráð mat kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er ennfremur ekki liður í daglegu starfi þeirra.



Innra mat er markmiðsbundið

Viðmiðið snýr að markmiðum skólanámskrár og hvort verið sé að fylgjast með hvernig gengur að vinna að þeim. Mikill breytileiki er í frammistöðu skólanna gagnvart þessu viðmiði. Tveir skólanna uppfylla viðmiðið að öllu leyti á meðan einn skóli uppfyllir ekki viðmiðið að neinu leyti. Ekki er hægt að tala um styrkleika sem eru gegnumgangandi fyrir alla skólana eða meirihluta þeirra. Aftur á móti birtast veikleikar hjá helmingi skólanna í því að ekki er gerð grein fyrir hvernig markmið skólans eru metin, markmiðin eru ekki metin hvorki markvisst né reglubundið og því er hvergi fjallað um að hve miklu leyti þau hafa náðst. Þá eru viðmið um árangur fyrir markmið ekki skilgreind hjá þessum skólum.



Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Viðmiðið snýr að öflun upplýsinga sem aflað er með fjölbreyttum hætti og byggðar á ólíkum stoðum. Allir skólarnir nema einn komu vel út gagnvart þessu viðmiði. Yfirleitt nota skólarnir fjölbreyttar aðferðir við að afla gagna, þær hæfa viðfangsefninu og niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.



Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Viðmiðið fjallar um samvinnu í kringum innra mat og hvort hagsmunaaðilar skólastarfsins séu þátttakendur í skipulagi þess og í að leggja á ráðin um umbætur í kjölfar þess. Allir skólarnir leita eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli þegar gagna er aflað fyrir innra mat. Aftur á móti er þátttaka hagsmunaaðila eins og foreldra og nemenda almennt lítil þegar kemur að því að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati og umbætur í kjölfar niðurstaðna. Foreldrar og nemendur hafa takmörkuð áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats, nema í gegnum skólaráð í þremur skólanna, foreldrar og nemendur eiga t.d. ekki sæti í matsteymi í neinum skólanna. Þá er virkni starfsmanna í umræðum um forgangsröðun og umbætur mis mikil eftir skólunum, allt frá því að vera engin í það að vera mikil.



Innra mat er opinbert

Viðmiðið snýr að greinargerðum um innra mat, hvernig þær eru fram settar og hvort þær eru aðgengilegar hagsmunaaðilum. Í þremur skólanna eru greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir aðgengilegar á heimasíðu skólanna. Í fjórða skólanum eru matsniðurstöður aðgengilegar en ekki

umbótaáætlun. Skólarnir skiptast jafnframt í tvo hópa varðandi það hvort þeir kynna niðurstöður innra mats fyrir hagsmunaaðilum.



Innra mat er umbótamiðað

Viðmiðið fjallar um hvort unnið sé markvisst að umbótum í kjölfar niðurstaðna í innra mati. Allir skólarnir nema einn hafa sett fram áætlun um umbætur og umbótum er víðast fylgt kerfisbundið eftir. Sá skóli sem ekki hefur sett fram umbótaáætlun er fámennur og fram kemur að þar er engu að síður vel brugðist við niðurstöðum sem sýna að umbóta er þörf og allir hagsmunaaðilar sem rætt var við gátu nefnt dæmi um umbætur. Helsti veikleikinn á þessum þætti kemur fram í að í þremur skólanna eru áætlanir um umbætur ekki bornar undir skólaráð með formlegum hætti.




Kennsluaðferðir og gæði kennslu

Eins og fyrr hefur komið fram er hluti af mati á kennslustund að skrá þær kennsluaðferðir sem notaðar eru í viðkomandi kennslustund. Ennfremur var ákveðið að leggja mat á gæði kennslu út frá viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar mati á kennslustundum í heildarmati á grunnskólum í Reykjavík. Í næstu tveimur köflum er gerð grein fyrir niðurstöðum um tíðni kennsluaðferða og gæði kennslustunda.

Tíðni kennsluaðferða


Við flokkun á kennsluaðferðum var byggt á flokkun sem notuð var í rannsókninni „Starfshættir í grunnskólum“ sem er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, kennaradeildar HA og Listaháskóla Íslands (Sjá flokka kennsluaðferða í [viðauka 4](#)). Í rannsókninni voru kennsluaðferðir flokkaðar í 19 flokka. Mynd 3 sýnir hlutfallslega tíðni kennsluaðferða í þeim sex skólum sem tóku þátt í verkefninu. Í hverri stund er merkt við öll vinnubrögð sem fyrir komu. Af þeim 19 flokkum kennsluaðferða sem stuðst var við voru 18 kennsluaðferðir sem matsaðilar upplifðu í einni kennslustund eða oftar.



Mynd 3. Tíðni kennsluaðferða í þátttökuskólunum

Gæði kennslustunda

Viðmið um gæði kennslustunda koma frá bresku eftirlitsstofnuninni Ofsted og voru þýdd og staðfærð af starfsfólki Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Um er að ræða fjórskiptan kvarða og í viðmiðum fyrir kvarðann er lýsing á góðri kennslustund og ennfremur lýsing á því þegar kennslustund telst óviðunandi (Sjá nánar viðmið fyrir mat á gæði kennslu í [viðauka 3](#)). Mynd 4 sýnir niðurstöður um gæði þeirra kennslustunda sem matsaðilar heimsóttu í skólunum sex. Þar kemur fram að langflestar kennslustundir, eða 82%, eru metnar góðar eða mjög góðar. Einungis 5% kennslustunda sem matsaðilar sátu voru metnar óviðunandi.



Mynd 4. Mat á gæðum kennslustunda byggt á viðmiðum frá Ofsted/Skóla og frístundsviði Rvk.

Kannanir á viðhorfum hagsmunaaðila þátttökuskóla

Kannanir á viðhorfum hagsmunaaðila til ytra matsins voru framkvæmdar fljótlega eftir að matsaðilar höfðu skilað af sér skýrslu til þátttökuskólanna og -sveitarfélaganna sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Kannanirnar voru lagðar fyrir með vefkönnunarforriti á tímabilinu 10. maí til 18. júní. Kannanir voru senda á eftirfarandi hópa:


1. Sveitarstjóra, formann fræðslunefndar og fræðslufulltrúa/skólaskrifstofu í þátttöku-sveitarfélögum. Ekki eru þó öll sveitarfélögin með skólaskrifstofur eða fræðslufulltrúa. Könnunin var send á 17 aðila og svöruðu alls 9, þar af 1 sveitarstjóri, 4 formenn fræðslunefnda og 4 fræðslufulltrúar. Svarhlutfall var 53%
2. Stjórnendur skólanna, þ.e. skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Könnunin var send á 21 stjórnanda og alls svöruðu 20 eða rúm 95%.
3. Starfsfólk skólanna. Könnun var send á alla starfsmenn skólana óháð starfssviði. Alls var könnunin send á um 320 starfsmenn og svöruðu 79, eða 25%. Hæsta svarhlutfallið var í Valsárskóla en þar svöruðu 54% aðspurðra. 38% aðspurðra svöruðu í Grunnskólanum í Stykkishólmi, 29% í Auðarskóla, 26% í Lundarskóla, 20% í Hofstaðaskóla og lægst var svarhlutfallið í Víðistaðaskóla, eða 16%.
4. Foreldra sem tóku þátt í rýnihópum í tengslum við ytra matið og foreldrafulltrúa í skólaráði. Könnun var send á 48 foreldra og svöruðu alls 20 eða 42%
5. Nemendur sem tóku þátt í rýnihópum í tengslum við ytra matið og nemendur í skólaráði. Könnun var send á 53 nemendur og svöruðu alls 26, eða 49%. Fyrirlögn könnunar fyrir nemendur fór fram með tvennum hætti. Í þremur skólum sá tengiliður í skólanum um að leggja könnunina fyrir nemendur. Það gekk eftir í tveimur skólum og var svörun meðal nemenda mjög góð í þeim skólum. Í einum skólanna fórst það hins vegar fyrir og voru nemendur farnir í sumarfrí þegar það kom í ljós. Í tilfellum hinna þriggja skólanna var könnun send á netföng nemenda eða foreldra þeirra þar sem nemendur voru farnir í sumarfrí þegar kynning á niðurstöðum fór fram. Í þeim skólum var svörunin lítil og í einum skóla var svörunin engin.

Viðhorf sveitarstjóra, formanna fræðslunefnda og fræðslufulltrúa

Könnun var send á sveitarstjóra, formenn fræðslunefnda og fræðslufulltrúa í sveitarfélögum þar sem eru starfandi fræðslufulltrúar. Alls svöruðu níu manns og var skipting milli svarenda eins og eftirfarandi mynd sýnir.




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá matsþætti sem til skoðunar voru í ytra matinu (stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sjálfvalinn matsþáttur)?




Átta af þeim níu sem svöruðu, eða 89%, voru ánægðir eða mjög ánægðir með þá þætti sem ytra matið náði til, enginn lýsti yfir óánægju með matsþætti og einn sagðist hvorki vera ánægður né óánægður með þá.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þann möguleika að sveitarfélagið og/eða skólinn geti lagt fram ósk um sérstakan matsþátt til skoðunar í ytra matinu?



Allir svarendur voru ánægðir eða mjög ánægðir með að sveitarfélagið og/eða skólinn geti lagt fram ósk um matsþátt. Í opnum svarmöguleika var boðið upp á að setja fram ábendingar um val sveitarfélags/skóla á matsþætti. Í einu svari kom fram ábending þess efnis að sjálfvaldi matsþátturinn þarfnaðist ítarlegri skoðunar og skýrari framkvæmdar því þó áhugi sé til staðar þá krefðist það mikillar undirbúningsvinnu að setja fram viðmið fyrir matsþáttinn.

Hefur þú kynnt þér niðurstöður matsins?




Allir svarendur nema einn höfðu kynnt sér niðurstöður matsins, annað hvort með því að lesa skýrslu matsaðila eða hlusta á kynningu á niðurstöðum. Næstu fjórum spurningum, sem allar snúa að niðurstöðum, svöruðu einungis þeir sem höfðu kynnt sér niðurstöður matsins (fjöldi 8).

Hversu skýrt fram sett og/eða skiljanleg finnst þér matsskýrslan vera?


Einungis var boðið upp á opinn svarmöguleika við þessa spurningu. Samdóma álit allra var að skýrslan væri vel fram sett, auðlesin, skýr og skilmerkileg. Ennfremur var talað um að kynning matsaðila hafi verið vel fram sett.

Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér niðurstöður matsins endurspegla raunverulega styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru?




Sjö af átta svarendum, eða 88%, fannst niðurstöður matsins endurspegla styrk- og veikleika skólans að miklu eða mjög miklu leyti. Einum (12%) fannst niðurstöður ekki endurspegla styrk- og veikleika nema að litlu leyti. Í opnum svarmöguleika kom fram ein ábending þess eðlis að samantekt á úrbótum hefði mátt vera sérstakur kafli í samantekt ábendinga.

Hversu vel eða illa telur þú að niðurstöður ytra matsins nýtist til umbóta í skólanum?




Af átta svarendum töldu sjö að niðurstöður nýtist vel eða mjög vel til umbóta í skólanum, einn taldi þær hvorki nýtast vel né illa. Aðilar voru beðnir að útskýra svar sitt og kom þá fram í tveimur svörum að niðurstöður væru settar fram með þeim hætti að auðvelt yrði fyrir skólana að vinna aðgerða-áætlun um umbætur. Einn benti á að ábendingar um ögranir væru sanngjarnar og áhugaverð verkefni fyrir bæði skólann og sveitarfélagið.

Hvernig metur þú gagnsemi þeirra upplýsinga sem ytra matið gefur fyrir þig sem sveitarstjórnarmann/fræðslustjóra?




Sjö af þeim átta sem svöruðu, eða 88%, mátu gagnsemi upplýsinga úr ytra matinu mikla eða mjög mikla, einn mat hana hvorki mikla né litla. Í opnum svörum var nefnt að efnið væri skýrt og gott væri að vinna með það og í skýrslunni hafi komið fram ábendingar sem vel ríma við það sem starfsmenn á skólaskrifstofu höfðu vakið athygli á að veita þyrfti fjármagni í. Þá var nefnt að gott væri að geta vitnað í ytra mat sem sýni skólann eins og hann er. Ennfremur var minnst á að gagnlegt gæti verið að skoða ábendingar með hliðsjón af skólafélaginu sveitarfélagsins og einnig að hafa þær til hliðsjónar við undirbúning fjárhagsáætlunar, t.d. þegar bent væri á að auka þyrfti tölvukost í skólanum.

Að hve miklu leyti ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samvinnu við matsaðila?



Sex af níu svarendum voru ánægðir eða mjög ánægðir með samvinnu við matsaðila, eða 66%. Einn var óánægður með samvinnuna og tveir sögðust hvorki ánægðir né óánægðir. Svarendur voru beðnir að rökstyðja svar sitt og kom þá fram að sumir þeirra upplifðu sig ekki hafa verið í miklum samskiptum við matsaðila þó svo að þeim hafi verið boðið á kynningu niðurstaðna. Einn formaður í skólanefnd benti á að sér fyndist skýrt að matsaðilar hafi ekki haft samband við neinn úr skólanefnd. Viðhorf þeirra sem höfðu haft meira af matsaðilunum að segja voru þau að matsaðilar hafi unnið vel og verið í góðu samstarfi við alla aðila, þeir hafi verið sanngjarnir í allri umræðu og framsetningu á niðurstöðum. Bent var á að þeir hafi sett fram mál sitt með jákvæðum hætti og þannig stuðlað að trausti á verkefninu og vinnunni.

Myndir þú mæla með við önnur sveitarfélög að þau fengju samskonar ytra mat fyrir sína skóla?



Af átta svörum voru sjö þeirrar skoðunar að þeir myndu mæla með við önnur sveitarfélög að þau fengju samskonar mat fyrir sína skóla. Í opnum svörum kom fram að flestir voru mjög jákvæðir

gagnvart matinu og töldu að notagildi þess væri mikið. Þeir nefndu að það væri gott að fá faglegt álit utanaðkomandi aðila sem hefðu til þess þekkingu og reynslu og gott fyrir sveitarfélagið að skoða hvort og þá hvað mætti endurskoða m.t.t. stefnu og stuðnings við skólasamfélagið. Einn tiltók að ytra mat sem væri framkvæmt með þeim hætti sem hann hefði orðið vitni að myndi án efa efla stjórnendur og kennara í starfi. Ábending kom fram frá öðrum þess eðlis að matsaðilar ættu að tala við fleiri áður en þeir skiluðu inn niðurstöðum sínum.

Hversu oft telur þú æskilegt að ytra mat, af þeirri gerð sem hér um ræðir, sé framkvæmt í grunnskólum?

Boðið var upp á átta svarmöguleika, allt frá „aldrei“ til „á 11 ára fresti eða sjaldnar“. Allir svarendur merktu við að framkvæma ætti ytra mat annað hvort á 3-4 ára fresti (44%) eða 5-6 ára fresti (56%). Í opnum svarmöguleika var boðið upp á að setja fram ábendingar í tengslum við spurninguna og var þá bent á að nægilega langur tími yrði að líða á milli ytra mats til að skólanum og sveitarfélaginu gæfist kostur á að laga það sem laga þyrfti.

Í ytra matinu var lagt upp með að fulltrúi sveitarfélags í matsteymi komi úr nærsamfélagi skólans, s.s. úr nágrannasveitarfélagi. Hvert er viðhorf þitt til þeirrar nálgunar?

Svarendur skiptust í tvo hópa í afstöðu sinni gagnvart þessari spurningu. Rúmlega helmingur var hlynntur því að matsaðili kæmi úr nærsamfélagi og voru ýmsar ástæður nefndar s.s. að það hentaði vel þeirri tegund ytra mats sem lagt væri upp með og einnig að matsaðilinn væri þá kunnur staðháttum og hefði á þeim meiri skilning. Tillaga kom fram þess efnis að gott gæti verið að byggja upp hóp manna sem gætu komið inn í matsteymi úr nágrannasveitarfélögum. Hinum hópnum, sem samanstóð af tæplega helmingi svarenda, fannst ekki aðalatriði að fulltrúi sveitarfélags kæmi úr nærsamfélagi, mikilvægara væri að hæfur einstaklingur veldist til starfsins. Í því samhengi var ennfremur nefnt mikilvægi þess að matsaðilar væru hlutlausir, þægilegir og hefðu góðan þekkingargrunn til að framkvæma matið. Ein ábending kom fram þess efnis að erfitt væri að finna út úr því fyrirkomulagi að fá matsaðila úr nærsamfélagi því sveitarfélög hefðu almennt ekki slíkt fagfólk á lausu.

Hvert er viðhorf þitt til þess að skólastjóri í samvinnu við starfsfólk og/eða sveitarfélag setji fram hugmynd að viðmiði fyrir þann matsþátt sem valinn er af skóla og/eða sveitarfélagi?


Almennt voru svarendur jákvæðir gagnvart því að hafa möguleika á sjálfvöldum matsþætti og að setja fram viðmið fyrir hann. Bent var á að slíkt þyrfti að gerast í samvinnu skólastjóra, starfsfólks, sveitarstjórnar og skólanefnda. Það voru þó ekki allir á einu máli um þetta því bent var á að mikilvægt væri að viðmiðin á þessum þætti eins og öðrum matsþáttum væru byggð á ákvæðum laga og reglugerða og því væri ekki heppilegt að það væri á hendi skóla og/eða sveitarfélags.

Vinsamlegast tilgreindu ef þú hefur frekari ábendingar varðandi matsaðferðir, matsþætti og/eða framkvæmd ytra matsins.

Tvær ábendingar komu og var önnur þess eðlis að nauðsynlegt væri að þróa ferlið og vinnubrögðin áfram og gera matið að föstum þætti í skólastarfinu. Hin ábendingin sneri að því að passa þyrfti betur uppá að skólinn gæti ekki stýrt útkomu úr matinu.

Viðhorf skólastjórnenda

Könnun var send á stjórnendur skólanna, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra, 20 stjórnendur úr þátttökuskólunum sex svöruðu. Skipting milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra/-deildarstjóra er eins og eftirfarandi mynd sýnir.



Varst þú í aðdraganda ytra matsins ánægð(ur) eða óánægð(ur) með að skólinn væri þátttakandi í verkefninu?

■ Mjög ánægð(ur) ■ Ánægð(ur) ■ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) ■ Óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



Allir stjórnendur sem svöruðu voru ýmist ánægðir eða mjög ánægðir með þátttöku skólans í tilraunaverkefninu. Stjórnendurnir voru beðnir um að rökstyðja svar sitt og flestir nefndu þá að þeim hafi fundist þetta kjörið tækifæri til að sjá hvernig skólinn stæði, gott væri að fá utanaðkomandi mat á skólastarfinu þar sem það veiti bæði aðhald og nýttist einnig til úrbóta. Bent var á að verkefnið fæli í sér nýja nálgun við ytra mat, það fæli í sér tækifæri til að fá ábendingar um sterka og veika þætti í skjólastarfinu og til að efla faglega umræðu meðal starfsfólks.

Átti einhver undirbúningur sér stað í skólanum í aðdraganda ytra matsins? (Ath. hér er átt við undirbúning sem framkvæmdur er í umbótaskyni)

■ Já ■ Nei



Í langflestum tilfellum átti enginn undirbúningur sér stað í skólunum í aðdraganda ytra matsins. Ef stjórnendur svöruðu spurningunni játandi, sem var í 15% tilfella, voru þeir beðnir að skýra í hverju undirbúningur fyrir ytra matið hefði falist. Svörin voru þrjú og sagði einn að heimasíðan hafi verið skoðuð í því skyni að athuga hvort einhverju væri ábótavant miðað við matslista, annar nefndi að þeir ferlar sem hafi verið í vinnslu hafi verið kláraðir og sá þriðji talaði um að undirbúningurinn hafi aðallega falist í að skoða viðmiðin og setja sig inn í þá þætti sem til skoðunar voru.


Upplifðir þú álag eða streitu í aðdraganda ytra matsins?

■ Já, ég upplifði mikið álag/streitu ■ Já, ég upplifði lítilsháttar álag/streitu ■ Nei, ég upplifði ekki álag/streitu



Þegar spurt var um álag eða streitu í aðdraganda ytra matsins sögðust 70% stjórnenda ekki hafa upplifað slíkt. Ef stjórnendur svöruðu því játandi að þeir hefðu upplifað lítilsháttar eða mikið álag eða streitu, eins og þeir gerðu í 30% tilfella, voru þeir beðnir að útskýra hvers vegna. Af svörum mátti merkja að álag eða streita hafi fyrst og fremst verið vegna vinnu af hálfu tengiliðs matsaðila í skólanum sem hafði það með höndum að undirbúa og skipuleggja komu matsaðila. Nefndi einn að það hafi verið skemmtileg vinna og ekki falið í sér neikvæða streitu, en vissulega hefði það verið á kostnað annarra verkefna sem hann hafði með höndum. Annar nefndi að vinna í kringum ytra matið yki það álag sem fyrir væri í skólanum.

Hvernig myndir þú meta vinnuálag sem ytra matið krefst af skólanum og/eða þeim aðila sem skólinn skipar sem tengilið við matsaðila?



Aðspurð um hvort að vinnuálag fyrir tengilið matsaðila væri sanngjarnt þá svöruðu flestir því til að það hafi verið sanngjarnt. Einn benti þó á að vinna tengiliðs í kringum ytra matið hafi verið mikil og því hafi verk sem hann komst ekki yfir fallið á aðra.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá matsþætti sem til skoðunar voru í ytra matinu (stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sjálfvalinn matsþáttur)?

■ Mjög ánægð(ur) ■ Ánægð(ur) ■ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) ■ Óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



Allir stjórnendur sem svöruðu voru ýmist ánægðir eða mjög ánægðir með þá matsþætti sem til skoðunar voru. Þeir voru spurðir hvort þeir hefðu einhverjar ábendingar um matsþætti. Svörin sneru öll að því hvað mætti meta að auki við þá matsþætti sem metnir voru. Nefnt var að skoða mætti vinnustaðamenningu, skólabrag, líðan, álag, starfsmannaveltu, starfsblæ, ímynd og kennsluaðferðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framkvæmd matsins í skólanum?

■ Mjög ánægð(ur) ■ Ánægð(ur) ■ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) ■ Óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



Langflestir stjórnendur, eða 95%, voru ýmist ánægðir eða mjög ánægðir með framkvæmd matsins í skólanum. Þeir voru beðnir að nefna ef þeir hefðu ábendingar varðandi framkvæmdina. Ábendingar komu fram um að tíminn sem matsaðilar vorðu í skólanum hefði verið helst til skammur, heimsækja hefði þurft alla kennara og e.t.v. suma oftár en einu sinni. Bent var á að heimsókn í eina kennslustund hjá hverjum kennara gæfi ekki nægilega góða mynd af kennslunni þar sem sumir kennarar hefðu verið mjög stressaðir yfir nærveru matsaðila. Einn nefndi að ytra matið hafi verið mjög jákvætt fyrir skólann og faglegar umræður í starfsmannahópnum hefðu aukist eftir það. Starfsfólkið væri sátt og ánægt með að fá að spegla sig og sjá hvað það er að gera mikið af góðum hlutum, þannig hafi sjálfstraust þess aukist til muna.

Lögð er áhersla á að trúnaðartraust ríki á milli matsaðila og starfsfólks skóla í ytra mati. Hversu vel eða illa tókst matsaðilum að skapa traust hjá þér?

■ Mjög vel ■ Vel ■ Hvorki vel né illa ■ Illa ■ Mjög illa



Öllum stjórnendum nema einum, eða 95%, fannst að matsaðilum hafi ýmist tekist vel eða mjög vel að skapa traust hjá þeim. Stjórnendur voru spurðir hvort þeir hefðu einhverjar ábendingar fyrir matsaðila. Einn svaraði og kom fram í svari hans ánægja með að matsaðilum hafi tekist vel að verða hluti af hópnum í skólanum með því t.d. að eiga óformleg samskipti við starfsfólk á kaffistofu.

Að hve miklu leyti ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samvinnu við matsaðila?

■ Mjög ánægð(ur) ■ Ánægð(ur) ■ Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) ■ Óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



Átján af þeim tuttugu stjórnendum sem svöruðu voru ánægðir eða mjög ánægðir með samvinnu við matsaðila, eða 90%. Stjórnendur voru beðnir að útskýra svarið sitt og kom þá fram að samvinna við matsaðila hafi gengið vel og trúnaður og traust hafi myndast. Í fjórum svörum var nefnt að matsaðilar hafi haft góða nærveru og gefið sér tíma til að ræða við starfsfólk og mynda trúnaðartraust. Þrjú stjórnendur tiltóku að fagmennska hafi einkennt matsaðila, þeir hafi verið áhugasamir, málefnalegir og unnið starf sitt af þryði og ekki truflað skólastarfið með nærveru sinni og setu í bekkjum. Ábending

kom fram um að í upphafi þurfi að vera skýrara hvert hlutverk tengiliðs í samstarfi við matsaðila er til að hægt sé að velja hann m.t.t. þeirra verkefna sem bíða hans.

Hversu skýrt fram sett og/eða skiljanleg finnst þér matsskýrslan vera?

Einungis var boðið upp á opinn svarmöguleika við þessa spurningu. Allir stjórnendur sem svöruðu spurningunni (19 af 20) voru á einu máli um að matsskýrslan hafi verið skýrt fram sett og skiljanleg og gott sé að fletta upp í henni. Bent var á að hún kæmi til með að nýtast skólanum vel í þeim umbótum sem fyrirhugaðar eru. Fram kom ánægja eins stjórnanda með að hafa haft tækifæri til að koma með ábendingar við drög að skýrslu um það sem ekki var rétt í skýrslunni. Ábending kom frá öðrum stjórnanda þess eðlis að enginn greinarmunur væri gerður á vægi veikleika og styrkleika og tiltök viðkomandi sem dæmi að ef skólabragur telst neikvæður þá sé það einungis einn veikleiki í upptalningu en tekur mörg ár að byggja upp. Ef hinsvegar vantar skráðar reglur um móttöku nýbúa þá er það veikleiki sem hægt er að kippa í liðinn á nokkrum dögum. Benti hann á að hugsanlega mætti stigsetja veikleika og styrkleika.

Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér niðurstöður matsins endurspegla raunverulega styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru?

■ Að mjög miklu leyti ■ Að miklu leyti ■ Hvorki miklu né litlu leyti ■ Að litlu leyti ■ Að mjög litlu leyti



Öllum stjórnendunum fannst niðurstöður endurspegla raunverulega styrk- og veikleika skólans að miklu eða mjög miklu leyti. Þeir voru spurðir hvort þeir hefðu ábendingar í tengslum við spurninguna. Tvær vangaveltur komu fram, annars vegar að það væri margt sem ekki væri hægt að sjá í stuttri heimsókn og hins vegar komu fram vangaveltur um hvort nóg væri að fara einu sinni í heimsókn hjá hverjum kennara.

Hversu vel eða illa telur þú að niðurstöður ytra matsins nýtist til umbóta í skólanum?


■ Mjög vel ■ Vel ■ Hvorki vel né illa ■ Illa ■ Mjög illa



Allir stjórnendurnir töldu að niðurstöður ytra matsins muni nýtast skólanum vel eða mjög vel til umbóta. Þeir voru beðnir að útskýra svarið sitt og kom þá fram það viðhorf hjá nokkrum þeirra að gott hafi verið að fá ábendingar um umbætur og ýmist væri strax farið að vinna eftir þeim eða þær færu inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Fram kom í einu svari að ytra matið hefði hvoru tveggja styrkt vissu skólans um hvað þyrfti að bæta og einnig komið fram með nýja umbótaþætti. Þá bentu nokkrir á að niðurstöður séu góður rökstuðningur fyrir umbótum bæði gagnvart starfsfólki og eins


gagnvart sveitarfélaginu þar sem hluti af því sem þyrfti að bæta sneri beint að því. Einn taldi að niðurstöður væru til þess fallnar að efla sjálfsmynd skólasamfélagsins. Það sjónarmið kom fram að margir þættir sem bent hafi verið á í niðurstöðum að þurfi að bæta séu flóknir og þess eðlis að fleiri skólar væru að glíma við að leysa þá. Nefndi viðkomandi að spennandi yrði að fylgjast með hvernig aðrir skólar myndu leysa vandann.

Hluti af starfi matsaðila er að veita ráðgjöf á meðan á matinu stendur og/eða í kjölfar þess - eftir þörfum og óskum hvers skóla. Hversu mikilvægt finnst þér að skólanum standi slík ráðgjöf til boða í tengslum við ytra matið?



Afstaða stjórnenda til mikilvægi ráðgjafar matsaðila var í 85% tilfella að hún sé mikilvæg eða mjög mikilvæg og 5% töldu hana alls ekki mikilvæga. Stjórnendur voru beðnir að útskýra svar sitt og komu tvenns konar sjónarmið fram. Fjórir af þeim fimm stjórnendum sem útskýrðu svar sitt voru á því að mikilvægt væri að fá ráðgjöf í kjölfar matsins til að matið skili árangri inn í skólastarfið og eins til að forðast misskilning. Einn benti á að annar matsaðilinn gæti verið trúnaðarmaður sveitarfélagsins og eftir matið gæti sveitarfélagið gert samning við hann um áframhaldandi ráðgjöf. Viðkomandi hefði þá mikla innsýn í viðkomandi skóla og gæti aðlagð ráðgjöf sína eftir því. Hitt sjónarmiðið kom frá einum stjórnenda sem var efins um að ráðgjöf ætti að vera hluti af ferlinu þar sem sérfræði í mati og sérfræði í skólaþróun og ráðgjöf væri sitthvor hluturinn og ekki víst að það henti sömu aðilum að gera hvorutveggja.

Hversu vel eða illa telur þú að ráðgjöf matsaðila nýtist til umbóta í skólastarfinu?



Tæplega 89% stjórnenda töldu ráðgjöf matsaðila nýtast vel eða mjög vel til umbóta og rúm 11% töldu hana hvorki nýtast vel né illa. Stjórnendur voru beðnir að koma með ábendingar í tengslum við spurninguna ef einhverjar væru. Engin ábending kom.

Myndir þú mæla með við aðra grunnskóla að þeir tækju þátt í samskonar ytra mati?

Allir stjórnendurnir voru á einu máli um að þeir myndu mæla með við aðra grunnskóla að taka þátt í samskonar ytra mati. Þeir voru beðnir um að útskýra svar sitt og kom þá fram að gagnlegt væri að fá utanaðkomandi aðila til að meta skólana því alltaf væri gott að fá staðfestingu á því sem vel er gert og vitneskju um það sem betur má fara. Einn nefndi að það væri nauðsynlegt hverjum skólastjórnanda að geta á þennan hátt skoðað innra starfið með gagnrýnu hugarfari. Bent var á að ef skólinn tæki slíku verkefni opnum örmum og horfi eingöngu á þetta sem umbótamiðað mat þá sé ekkert nema jákvætt við það.

Hversu oft telur þú æskilegt að ytra mat, af þeirri gerð sem hér um ræðir, sé framkvæmt í grunnskólum?

Við spurninguna var boðið upp á átta svarmöguleika, allt frá „aldrei“ til „á 11 ára fresti eða sjaldnar“. Allir merktu við að framkvæma ætti ytra mat annað hvort á 3-4 ára fresti eða 5-6 ára fresti. Stjórnendur voru spurðir hvort þeir hefðu einhverjar ábendingar í tengslum við spurninguna og var nefnt að matið mætti ekki fara fram of oft því það þurfi að vera tími til að laga það sem er ábótavant og festa í sessi.

Hvert er viðhorf þitt til þess að skólastjóri í samvinnu við starfsfólk og/eða sveitarfélag setji fram hugmynd að viðmiði fyrir þann matsþátt sem valinn er af skóla og/eða sveitarfélagi?


Við þessa spurningu var eingöngu boðið upp á opna svarmöguleika og komu fram tvenns konar sjónarmið hjá stjórnendum. Meiri hluti stjórnenda var á einu máli um að það sé jákvætt að stjórnendur í samvinnu við starfsfólk setji fram hugmynd að viðmiði einkum vegna þess að aðstæður í skólum séu mismunandi sem kalli á sérsniðin viðmið. Einnig hafi stjórnendur með þessu tækifæri til að vera meiri þátttakendur í matsferlinu. Hitt sjónarmiðið sem kom fram hjá um þriðjung stjórnenda var þess eðlis að e.t.v. væri betra að viðmiðagerðin fyrir sérvalda matsþáttinn væri í höndum matsaðila. Í því samhengi var bent á að öll viðmið í ytra mati ættu að vera utanaðkomandi. Ennfremur var talað um að það gæti leitt til ósamræmis í framsetningu og gæðum viðmiða og að þetta gæti orðið flókið verkefni fyrir skólana.

Í tilfellum nokkurra skóla kom fulltrúi sveitarfélagsins í matsteymi úr nærsamfélagi skólans. Ef það á við um þinn skóla, hvert er viðhorf þitt til þess?


Boðið var upp á opinn svarmöguleika og svöruðu tíu stjórnendur. Langflestum þeirra fannst þetta vera jákvætt og hafa gefist vel. Einn benti á að þetta hafi komið vel út og þá fyrst og fremst vegna þess hve faglega var staðið að vali matsaðila. Fram kom í svari tveggja að það skipti ekki máli hvaðan matsaðilinn kæmi svo fremi sem hann tengdist ekki skólanum og hefði vit á því sem hann væri að gera. Ábending kom fram þess efnis að stjórnendur skólans ættu líka að koma að vali á matsaðila sem væri fulltrúi sveitarfélagsins.

Viðhorf starfsmanna

Könnun var send á starfsfólk skólanna óháð starfssviði. 79 starfsmenn úr þátttökuskólunum sex svöruðu, sem samsvarar 25% svörun, þar af voru 66 kennarar. Skipting svarenda eftir skólum var eftirfarandi.




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá matsþætti sem til skoðunar voru í ytra matinu (stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sjálfvalinn matsþáttur)?



Mikill meirihluti starfsfólks, eða 83%, var ánægður eða mjög ánægður með þá matsþætti sem til skoðunar voru og 2% létu í ljós óánægju með þá. Þegar starfsfólkið var spurt um ábendingar varðandi matsþætti komu fram ábendingar um að bæta mætti við eftirfarandi matsþáttum: heimanámi, fjármálastjórnun og faglegu starfi skólanna, s.s. hugmyndafræði, kennsluaðferðum og


einstaklingsmiðuðu námi. Bent var á að í mati á stjórnun þyrfti að gera greinarmun á stjórnendum, ekki spyrja um stjórnun í heild þar sem það gæti verið óánægja með einstaka stjórnendum en ekki stjórnendahópin sem slíkan. Ábending kom fram þess eðlis að ekki væri eðlilegt að gera kröfu um fjölbreytta kennsluhætti í því árferði sem nú væri og var í því samhengi bent á sparnað, fjölgun í bekkjum og mikla bundna viðveru á kennurum.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framkvæmd matsins í skólanum?




Átta af hverjum tíu sem svöruðu voru ánægðir eða mjög ánægðir með framkvæmd matsins í skólanum en 2% starfsmanna lét í ljósi óánægju með hana. Starfsfólk var spurt um hvort það hefði ábendingar um framkvæmd matsins. Í nokkrum svörum var bent á að raunhæfari niðurstöður hefðu e.t.v. komið út úr einstaklingsviðtölum eða með spurningalistum heldur en hópfundum þar sem ólík sjónarmið og hagsmunir réðu því að fólk gæti oft ekki opnað sig sem skyldi í hópviðtölum. Ennfremur voru nokkrar ábendingar þess eðlis að óraunhæft væri að meta kennslu út frá einni kennslustund. Þá var tekið fram að matið hafi verið vel unnið og faglega að því staðið og þyrfti að endurtaka reglulega. Í einu svari kom fram það sjónarmið að matið gæfi ágæta heildarmynd af skólanum sem viðkomandi starfar í.

Lögð er áhersla á að trúnaðartraust ríki á milli matsaðila og starfsfólks skóla í ytra mati. Hversu vel eða illa tókst matsaðilum að skapa traust hjá þér?



Flestu starfsfólki, eða 92%, fannst matsaðilum hafa tekist að skapa trúnaðartraust milli sín og starfsfólks en 1% starfsmanna upplifði ekki trúnaðartraust gagnvart matsaðilum. Opinn svarmöguleiki gaf kost á ábendingum til matsaðila en engar ábendingar komu fram.

Hefur þú kynnt þér niðurstöður matsins?



Starfsfólk var spurt hvort það hafi kynnt sér niðurstöður matsins, annað hvort með því að lesa matsskýrsluna eða hlusta á kynningu á niðurstöðum. Flestir svarenda, eða 92%, kváðust hafa kynnt sér niðurstöður matsins og fékk einungis sá hluti svarenda frekari spurningar um niðurstöður.

Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér niðurstöður matsins endurspegla raunverulega styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru?




Rúmlega 87% starfsfólks töldu að niðurstöður matsins endurspeglu að miklu eða mjög miklu leyti styrk- og veikleika skólans og um 4% starfsfólks töldu þær einungis gera það að litlu leyti. Í tengslum við spurninguna var starfsfólkið spurt hvort það hefði einhverjar ábendingar. Einn kennari benti á að ekki væri raunhæft að meta kennsluhætti á svona stuttum tíma. Annar kennari sagði að þar sem kennarinn væri svo mikið að vinna einsamall væri nauðsynlegt að einhver væri að meta og greina kennsluhættina og alltaf væri gott að fá ábendingar um þá þætti sem betur megi fara í eigin starfi. Í einu svarinu kom fram að mörgu hafi verið kippt í liðinn í skólanum þegar ljóst var að matið átti að fara fram og því hafi nokkrir þættir komið sterkar út en eðlilegt hafi verið.

Hversu vel eða illa telur þú að niðurstöður ytra matsins nýtist til umbóta í skólanum?



Flestir, eða 89% starfsfólks, höfðu trú á því að matið ætti eftir að nýtast til umbóta í skólanum og einungis um 1% starfsfólks taldi það ekki eiga eftir að nýtast til umbóta. Í opnum svörum sagðist fólk halda að í framhaldi af matinu yrði unnið að því að bæta þá þætti sem bent var á að betur mættu fara og nefnd voru dæmi um umbætur sem þegar væru hafnar. Einhverjir voru samt efins um að þeir umbótaþættir sem krefðust aukins fjármagns, s.s. tölvuútbúnaður, yrðu lagfærðir. Bent var á að hámarksárangur af matinu næðist ef því fylgdi eftirfylgni í einhvern tíma.

Myndir þú mæla með við aðra grunnskóla að þeir tækju þátt í samskonar ytra mati?



Langflestir starfsmenn sögðust myndu mæla með því við aðra grunnskóla að þeir tækju þátt í samskonar ytra mati og enginn svaraði því til að hann myndi ekki gera það. Í opnum svarmöguleika voru starfsmenn beðnir að útskýra svar sitt. Opnu svörin voru samdóma um gagnsemi þess að fá ytri rýni á skólastarfið til að skólinn og einstaklingar innan hans geti eflst og vaxið. Einn kennari sagði að sér fyndist gott að fá óháðan fagaðila til að leggja mat á kennsluna hjá sér og sagðist hafa verið ánægður með endurgjöfina sem hann fékk frá matsaðilanum. Hann benti á að þó að ein kennslustund sé ekki algild fyrir kennslu þá gæfi hún samt sem áður vísbendingar. Annar svarandi var hins vegar þeirrar skoðunar að matið gæfi einhverja mynd af skólastarfinu en hvað kennsluhætti varðar þá væri engin leið að fá réttmætar niðurstöður af svo stuttri heimsókn.

Viðhorf kennara til mats á kennslustundum

Af heildarfjölda starfsfólks sem svaraði könnuninni voru 84% kennarar (fjöldi 66). Þeir voru spurðir sérstaklega um mat á kennslustundum. Kennarar sem höfðu fengið heimsókn frá matsaðila í kennslustund, sem voru um 80% kennaranna (fjöldi 53), svöruðu spurningum um reynslu þeirra af heimsókninni.

Upplifðir þú álag eða streitu vegna væntanlegra heimsókna matsaðila í kennslustundir?



Allir kennarar sem tóku þátt í könnuninni svöruðu þessari spurningu. Enginn þeirra kvaðst hafa upplifað mikið álag eða streitu í tengslum við væntanlegar heimsóknir matsaðila í kennslustundir en tæplega fimmtungur hafði upplifað lítilsháttar álag. Mikill meirihluti kennara taldi sig ekki hafa upplifað álag eða streitu vegna heimsóknanna. Kennarar sem merktu við að þeir hefðu upplifað álag eða streitu voru beðnir um að tilgreina hvers vegna. Tveir svöruðu og var annað svarið á þá leið að upplifunin af heimsókn matsaðila í kennslustundina hafi verið erfið en lærdómsrík og til umbóta. Sagðist viðkomandi hafa upplifað álag vegna þess hve óvanur hann væri að fá heimsókn í kennslustund og vegna þess að hann væri meðvitaður um að ekki væri allt fullkomið hjá sér. Hinn svaraði að hann hefði upplifað streitu vegna eins nemanda sem þolir illa breytingar og var með mikinn uppsteyt í tímanum sem matsaðili heimsótti.

Hversu góð eða slæm var upplifun þín af heimsókn matsaðila í kennslustund hjá þér?



Einungis kennarar sem fengu heimsókn frá matsaðila svöruðu þessari og næstu tveimur spurningum (fjöldi 53). Rúmlega 90% þeirra segja upplifun af heimsókn matsaðila hafa verið góða eða mjög góða.

Enginn svaraði að hún hefði verið slæm eða mjög slæm. Kennararnir voru beðnir að útskýra svar sitt. Flestir sem svöruðu tiltóku að matsaðilar hafi haft þægilega nærveru, lítið hafi farið fyrir þeim og nærvera þeirra hafi hvorki truflað kennara né nemendur. Einn nefndi að matsaðilar hafi notað hluta tímans til að fylgjast með kennslu og hluta til að fræðast um aðstöðu og búnað sem var jákvæð blanda að mati viðkomandi. Annar nefndi að matsaðilar hafi verið mjög fagmannlegir og vingjarnlegir og upplifunin af heimsókn þeirra hafi verið að þeir væru þarna í jákvæðum og uppbyggjandi tilgangi. Þá kom fram ánægja frá einum kennara með að hafa fengið tækifæri til að fá mat á starf sitt og óánægja frá öðrum, sem var stuðningsaðili í þeirri kennslustund sem var metin, að hafa ekki fengið mat á kennslustund sem var skipulögð af honum sjálfum. Ein ábending kom fram þess eðlis að nemendur hefðu verið meðvitaðir um heimsókn matsaðila og efaðist viðkomandi um að heimsóknin væri vegna þess áreiðanleg og marktæk.

Stóð þér til boða að fá endurgjöf frá matsaðila eftir heimsóknina?




Um þriðjungur kennara svaraði á þá leið að þeim hafi ýmist ekki staðið til boða að fá endurgjöf frá matsaðila eða viti ekki hvort þeim hafi staðið það til boða. Það gefur til kynna að e.t.v. hafi þurft að kynna það betur fyrir viðkomandi kennurum.

Nýttir þú þér endurgjöfina?



Rétt rúmlega helmingur kennara í hópi svarenda nýttu sér að fá endurgjöf frá matsaðila en tæplega helmingur gerði það ekki. Þeir kennarar sem nýttu sér endurgjöfina voru beðnir um að segja frá reynslu sinni af endurgjöfinni. Svör kennara voru almennt mjög jákvæð. Þeir upplifðu endurgjöfina sanngjarna, góða og nefndu að hún myndi nýtast þeim til að bæta kennslu. Nokkrir nefndu að þeir hafi fengið jákvæða endurgjöf sem hafi eflt sjálfstraustið og veitt þeim styrk að halda áfram á þeirri braut sem þeir væru á. Þá kom fram í einu svari ánægja kennara með að hafa fengið tækifæri til að útskýra fyrir matsaðila og ræða málin við hann. Einhvers misskilnings virðist hafa gætt í einum skóla varðandi heimsókn matsaðila því í einu svari kom fram að beðið hafi verið um „hefðbundnar kennslustundir þar sem maður tekur verkefnavinnu fram yfir óhefðbundnar kennsluaðferðir“. Viðkomandi var ekki alls kostar ánægður með að þær óhefðbundnu og fjölbreyttu kennsluaðferðir sem þau væru í þróunarvinnu með hefðu ekki verið metnar.

Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að eiga þess kost að fá endurgjöf frá matsaðila eftir að hann hefur heimsótt kennslustund hjá þér?




Allir kennarar í hópi svarenda (fjöldi 66) svöruðu þessari spurningu. Rúmlega 90% þeirra fannst skipta miklu eða mjög miklu máli að eiga kost á endurgjöf frá matsaðila. Einungis 1,6% fannst það skipta mjög litlu máli. Kennararnir voru beðnir að útskýra svör sín. Í öllum svörum kom fram að þeim finnst endurgjöfin mikilvæg því allir vilji vita hvar þeir standa og fá leiðbeiningar um hvernig þeir geta bætt sig til að eiga möguleika á að eflast og þroskast í starfi. Nokkrir nefndu að mat án endurgjafar myndi ekki skila neinum ávinningi fyrir kennarana. Einn minntist á mikilvægi þess að matsaðilinn þekkti starf kennarans vel til að geta miðlað af reynslu sinni og rætt um frammistöðuna. Annar sagðist hafa fengið endurgjöfina frá skólastjóra sem hafi verið gott þó að hann hefði kosið að fá endurgjöfina beint frá matsaðila.

Hefur þú ábendingar um hvernig haga mætti endurgjöf til kennara eftir heimsókn í kennslustund með öðrum hætti en gert var í ytra matinu?


Flestir kennararnir, eða 88%, sögðust engar ábendingar hafa. Í ábendingum sem fram komu var nefnt að mikilvægt væri að fá endurgjöfina sem fyrst eftir matið til að kennslustundin væri í fersku minni. Þá var talað um að e.t.v. væri betra að allir væru boðaðir í viðtal við matsaðila til að fá endurgjöf í stað þess að hafa það valkvætt. Bent var á í einu svari að endurgjöfin mætti vera meiri og nákvæmari og í öðru svari að betra væri ef kennarar vissu ekki af matinu fyrirfram og matsaðilar gætu heimsótt fleiri en eina kennslustund. Tveir kennarar höfðu fengið sína endurgjöf frá skólastjóra en ekki frá matsaðila og töldu báðir að til bóta hefði verið að fá endurgjöfina beint frá matsaðilanum.

Viðhorf foreldra

Könnun var send á foreldra sem tóku þátt í rýnihópum og á foreldra í skólaráði. 20 foreldrar úr þátttökuskólunum sex svöruðu, sem samsvarar 42% svörun. Skipting svarenda eftir skólum er eftirfarandi.




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá matsþætti sem til skoðunar voru í ytra matinu (stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sjálfvalinn matsþáttur)?




Flestir foreldrar, eða 80%, sögðust ánægðir eða mjög ánægðir með þá matsþætti sem til skoðunar voru en 10% létu í ljós óánægju með matsþættina. Foreldrar voru beðnir um að koma með ábendingar um matsþætti. Ábendingar komu fram um að skoða mætti kennsluhætti, árangur kennslu og hvort skólarnir séu að gera það sem þeir eiga að vera að gera. Bent var á að athuga mætti sérkennslu og stuðning við nemendur í öllum námsgreinum, agastefnu og upplýsingagjöf til foreldra.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með framkvæmd matsins í skólanum?



Átta af hverjum tíu foreldrum sem svöruðu voru ánægðir eða mjög ánægðir með framkvæmd matsins, eða 80%, en 5% voru mjög óánægðir. Tvær ábendingar komu frá foreldrum um framkvæmd matsins. Önnur ábendingin var þess eðlis að gott hefði verið að fá spurningalista fyrir rýnihópafundinn til að afla sér upplýsinga og koma betur undirbúinn. Hin ábendingin sneri að fyrirkomulagi rýnihópa og hvort e.t.v. væri betra að skipta foreldrahópnum svo háværar raddir yfirgnæfðu ekki hinar.

Lögð er áhersla á að trúnaðartraust ríki á milli matsaðila og foreldra í ytra mati. Hversu vel eða illa tókst matsaðilum að skapa traust hjá þér?




Alls 75% foreldra svöruðu að matsaðilum hafi tekist vel eða mjög vel að skapa traust hjá þeim en 5% foreldra fannst þeir ekki hafa náð að skapa slíkt traust. Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu ábendingar fyrir matsaðila en engar ábendingar komu fram.

Hefur þú kynnt þér niðurstöður matsins?



Tæplega helmingur foreldra hafði kynnt sér niðurstöður matsins með því að lesa skýrslu matsaðila eða hlusta á kynningu á niðurstöðum. Rúmlega helmingur hafði ekki kynnt sér niðurstöður. Frekari spurningum um ytra matið svöruðu einungis þeir foreldrar sem höfðu kynnt sér niðurstöður (fjöldi 9).


Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér niðurstöður matsins endurspegla raunverulega styrk- og veikleika skólans á þeim matsþáttum sem til skoðunar voru?



Tæplega 90% þeirra foreldra, sem höfðu kynnt sér niðurstöður matsins, fannst þær endurspegla styrk- og veikleika skólans, 11% foreldra (eitt foreldri) fannst þær gera það einungis að litlu leyti. Ein ábending barst frá foreldri við þetta svar þess eðlis að skýrslan hefði mátt vera ítarlegri og betur hefði mátt gæta að því að sannreyna gefnar upplýsingar. Í því samhengi var t.d. bent á að sannreyna hefði


mátt upplýsingar um fjölda funda sem nemendur hefðu setið í skólaráði því á fjöldanum mætti betur sjá hvort fundarseta hafi raunverulega verið í samræmi við það sem sagt var.

Hversu vel eða illa telur þú að niðurstöður ytra matsins nýtist til umbóta í skólanum?



Átta af þeim níu foreldrum sem höfðu kynnt sér niðurstöður matsins álitu að niðurstöður nýttust til umbóta í skólanum, einn áleit að þær myndu nýtast illa til umbóta. Foreldrar voru beðnir að útskýra svar sitt. Eitt foreldri setti inn athugasemd og nefndi misræmi í jákvæðri og neikvæðri umfjöllun. Benti viðkomandi á dæmi hvað varðar eineltisáætlun sem á einum stað í skýrslunni var sögð ekki vel útfærð en á öðrum stað væri talað um eineltisáætlunina eins og allt væri í lagi og vinnubrögð í eðlilegum farvegi.

Myndir þú mæla með við aðra grunnskóla að þeir tækju þátt í samskonar ytra mati?



Allir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni svöruðu þessari spurningu (fjöldi 20). Flestir, eða 90%, svöruðu því játandi að þeir myndu mæla með við aðra grunnskóla að taka þátt í samskonar mati. Foreldrar voru beðnir að útskýra svör sín og var þá nefnt að ytra mat væri nauðsynlegt aðhald og alltaf væri gott að ígrunda starfið og fá utanaðkomandi sjónarhorn. Bent var á að ekki væri nóg að meta heldur þyrfti að bregðast við því sem ekki kæmi vel út og fylgja því eftir.

Viðhorf nemenda

Könnun var send á nemendur sem tóku þátt í rýnihópum og á nemendur í skólaráði. Í helmingi skólanna var könnunin lögð fyrir nemendur í skólanum af starfsmanni í skólanum. Í hinum helmingi skólanna var könnunin send á netföng nemenda eða foreldra þeirra. 26 nemendur úr fjórum þátttökuskólanna svöruðu, sem samsvarar 49% svörum í heildina. Í tveimur skólum, Grunnskólanum í Stykkishólmi og Víðistaðaskóla svöruðu 100% nemenda. Í Lundarskóla svöruðu 20% nemenda og í Hofstaðaskóla svöruðu 11% nemenda. Í Valsárskóla og Auðarskóla svaraði enginn nemandi.

Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta að skólinn taki þátt í ytra mati?



Rösklega 73% nemenda fannst skipta frekar eða mjög miklu máli að skólinn taki þátt í ytra mati, tæplega 4% (einn nemandi) fannst það skipta mjög litlu máli og rúm 23% töldu það hvorki skipta miklu né litlu máli. Þegar nemendur voru beðnir að útskýra svar sitt kom fram hjá mörgum að það væri mikilvægt að skoða hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara og ef niðurstöður yrðu notaðar til að bæta skólastarfið þá skipti máli að taka þátt og hafa áhrif. Nokkrir töluðu um að þeim fyndist mikilvægt að nemendur gætu sagt sína skoðun svo fólk vissi hvernig þeim liði. Aðrir sögðu að þeim fyndist skólinn sinn góður eins og hann væri. Einn nemandi benti á að mikilvægt væri fyrir skólann að vita hvar hann stæði miðað við aðra skóla.

Hversu vel eða illa gekk þér að svara spurningum matsaðila í hópviðtalinu?




Nær 89% nemenda sögðust hafa gengið vel eða mjög vel að svara spurningum matsaðila, enginn sagði að sér hafi gengið það illa. Nemendur voru beðnir að nefna ef þeir hefðu einhverjar ábendingar fyrir matsaðila. Í því samhengi nefndi einn nemandi að hann hefði gjarnan viljað vita fyrirfram hvað ætti að fjalla um því þá hefði hann getað gefið betri svör, eftir viðtalið hafi hann munað eftir atriðum sem hann hefði viljað nefna. Önnur ábending var þess eðlis að ræða mætti við fleiri nemendur í skólanum.


Hversu áhugavert fannst þér það sem rætt var um í hópviðtalinu?



Tæplega 85% nemenda fannst frekar eða mjög áhugavert það sem rætt var um, 3,8% fannst það hins vegar frekar óáhugavert. Nemendur komu ekki fram með neinar ábendingar í tengslum við spurninguna en einn nefndi að spurningarnar hefðu fengið sig til að hugsa um hvernig skólinn væri og hvernig fólk liði.

Fannst þér þú geta treyst matsaðilunum?

Langflestum nemendum, eða 96%, fannst þeir geta treyst matsaðilum að mestu eða öllu leyti. Einn nemandi (3,8%) upplifði ekki traust til matsaðila.

Hefur þú kynnt þér eða fengið kynningu á niðurstöðum ytra matsins?

Einungis tveir nemendur, eða 8%, höfðu annað hvort lesið skýrslu matsaðila eða hlustað á kynningu á niðurstöðum. Nemendurnir tveir sem höfðu kynnt sér niðurstöður voru spurðir að hve miklu leyti þeim fyndist niðurstöður matsins gefa rétta mynd af stjórnun, námi og kennslu og innra mati í skólanum. Báðir svöruðu því til að þeim fyndust niðurstöður að miklu leyti gefa rétta mynd af þessum þáttum í skólastarfinu.

Bent skal á að í þremur skólum voru nemendur farnir í sumarfrí þegar kynning á matsniðurstöðum átti sér stað.

Viðaukar:

Viðauki 1. Dæmi um viðmið með vísbendingum

Viðauki 2. Matsblað fyrir vettvangsathugun í kennslustund

Viðauki 3. Viðmið um gæði kennslustunda

Viðauki 4. Matsblað/listi yfir kennsluaðferðir

Viðauki 1. Dæmi um viðmið með vísbendingum

Svið I Stjórnun: Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi - viðmið um gæðastarf

Skólastjóri sem forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Stjórnandi hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós í skólastarfinu ásamt metnaði fyrir góðum árangri hvers og eins. Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Hann virkjar alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynnir stefnuna og talar fyrir henni innan og utan skólans. Hann leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur, brýnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki og nemendum að ná góðum árangri og kynnir árangur skólans utan hans og innan.

* Verklag¹ öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði¹

- A Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf
- B Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- C Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta
- D Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Vísbendingar

	*	A	B	C	D
Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.					
Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans.					
Starfsmenn og foreldrar þekkja stefnu skólans.					
Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem allir aðilar skólasamfélagsins þekkja.					
Einkunnarorð/gildi skólans eru sýnileg í skólanum og starfi hans.					
Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, s.s. á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum.					
Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu.					
Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.					
Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu.					

Aðrar vísbendingar² sem benda til gæðastarfs

	*	A	B	C	D

¹ Ef verklag er í stjórnuflokki þarf að skrásetja sérstaklega á hvern hátt það birtist. Safna saman fyrirmyndardæmum.

² Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

--	--	--	--	--	--

Viðauki 2. Matsblað fyrir vettvangsathugun í kennslustund

Vettvangsathugun í kennslustund

1

Bekkur:	Dags./vikud.:
Námsgrein:	Kl.(upphaf og lok):
Kennari:	Fjöldi nemenda:
Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.
Samkipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.

Kennsluáðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Námið tekur m.b. af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíli.
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?

Gátlisti fyrir matsmenn. Fylgir: *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (2011)
Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir.

Viðauki 3. Viðmið um gæði kennslustunda³

Frábær

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

- Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:
 - Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
 - Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
 - Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
 - Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
 - Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

³ Viðmið frá Ofsted, þýdd og staðfærð af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur í tengslum við heildarmat á grunnskólum í Reykjavík.

Viðauki 4. Matsblað/listi yfir kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir og vinnubrögð		Athugasemdir
Bein kennsla (fyrirlestrar/útskýringar)		
Bein kennsla samræður við nemendur		
Vinnubækur og verkefnabækur/hefti		
Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum		
Námsefni lesið saman og rætt við nemendur		
Hópvinna/samvinna í kennslustundum		
Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, einstaklingsverkefni		
Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni		
Þemaverkefni, unnin í litlum hópum		
Umræður hópa og kynning niðurstaðna		
Útikennsla og vettvangsferðir		
Sýnikennsla, útskýringar		
Tilraunir og verklegar æfingar		
Námsleikir og spil		
Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing		
Kvikmyndir og myndbönd		
Nemendur nota kennsluforrit		
Nemendur nota tölvur, ýmis forrit t.d. til ritvinnslu eða myndvinnslu		
Nemendur vinna einir (t.d. yndislestur - einstaklingsbundin vinna)		